

Fundargerð



MÝVATN

Sveitarstjórn Skútustaðahrepps. *55. fundur.*

að Hlíðavegi 6, fimmtudaginn 13. júní. 2013, kl 13:30.

DAGSKRÁ:

1. Fundarsetning.
2. Kjör oddvita og varaoddvita.
3. Samþykkt um stjórn og fundarsköp Skútustaðahrepps.
4. Fundargerð gróðurskoðunarnefndar dags. 31. maí.
5. Fundargerð gróðurskoðunarnefndar dags. 7. júní.
6. Erindi frá Ingólfi Jónassyni f.h. Fagradalsveitu.
7. Fundargerð Skipulags- og umhverfisnefndar dags. 27. maí.
8. Fyrirspurn frá Landsneti vegna hugmynda um breytingu á Kröflulínu.
9. Erindi frá sýslumanni, ósk um umsögn um endurnýjun og breytingu á forsvarsmanni rekstrarleyfis Voga-ferðapjónustu ehf.
10. Samningur við Mývetning.
11. Umgengni um heimalandagirðingar.

Til kynningar:

Fundargerð stjórnar Sambands ísl. sveitarfélaga dags. 31. maí.

Drög að stefnumörkun stjórnar Samtaka orkusveitarfélaga.

Mættir: Dagbjört Bjarnadóttir, Böðvar Pétursson, Karl Emil Sveinsson, Pétur Snæbjörnsson, Friðrik K. Jakobsson.

1. Fundarsetning.

Oddviti setti fund og óskað eftir að máli 11 yrði bætt á dagskrána.
Samþykkt samhljóða.

2. Kjör oddvita og varaoddvita.

Karl Emil gerði tillögu um að oddviti yrði Dagbjört Bjarnadóttir og varaoddviti yrði Böðvar Pétursson.
Samþykkt með fjórum atkvæðum.
Einn sat hjá.

3. Samþykkt um stjórn og fundarsköp Skútustaðahrepps.

Fyrir fundinum liggur til umræðu tillaga að samþykkt um stjórn og fundarsköp Skútustaðahrepps. Setning nýrra sveitarstjórnarlaga nr. 138/201, kallaði á verulegar breytingar á gildandi samþykkt. Ný samþykkt tekur mið af fyrirmynd sem innanríkisráðuneytið samdi um stjórn sveitarfélaga.
Samþykkt að vísa athugasemdum í vinnuhóp sem í eiga sæti Dagbjört, Eyrún og sveitarstjóri sem leggi tillögur fyrir næsta sveitarstjórnarfund.

4. Fundargerð gróðurskoðunarnefndar dags. 31. maí.

Í fundargerðinni kemur fram að fulltrúar Landgræðslu ríkisins, sveitarstjórnar og BSSP hafi farið í gróðurskoðunarferð um Mellönd og mólendi á Austurfjöllum. Miklar fannir eru víða og snjór til fjalla, Mellöndin teljast nánast auð og gróðurinn rétt að byrja að taka við sér. Nefndarmenn voru sammála um að fara aðra ferð að viku liðinni og skipuleggja sleppingar miðað við ástand gróðurs þá.
Fundargerðin þarfnast ekki ályktunar við.

5. Fundargerð gróðurskoðunarnefndar dags. 7. júní.

Fulltrúar Landgræðslu ríkisins, sveitarstjórnar og BSSP fóru í gróðurskoðunarferð um Mellönd og mólendi á Austurfjöllum föstudaginn 7. júní. Veðurfar frá fyrri viku hafði verið mjög hagstætt og fannir því minkað mikið og gróðurfar í Mellöndum gjörbreyst. Sandtaðan farin að grænka og melurinn komin vel af stað. Mólendið hins vegar nokkuð á eftir, þó misjafnt eftir því hve langt er síðan einstaka svæði komu undan snjó.

Í ljósi aðstæðna og þess að veðurútlit virðist hagstætt framundan leggja nefndarmenn til að á sunnudaginn 9. júní megi bændur sleppa 15% af sínu fé í Mellöndin og 15. júní megi fara með 40% fjárins á sömu slóðir. Restinni má sleppa upp úr 20. júní. Nefndin mælir hins vegar gegn því að sleppt verði úr heimalandagirðingum fyrr en eftir 20. júní þar sem mólendið er greinilega talsvert seinna en Mellöndin að taka við sér.

Sveitarstjórn samþykkti fundargerð gróðurskoðunarnefndar með tölvupósti 7. júní og staðfestist það hér með.

6. Erindi frá Ingólfi Jónassyni f.h. Fagradalsveitu.

Með bréfi dags. 5. júní óskar Ingólfur Jónasson f.h. Fagradalsveitu eftir afstöðu sveitarstjórnar til þess hvort gerðar séu athugasemdir við að Fagradalsveita leggi hitaveitulögn og selji Hótel Laxá ehf. heitt vatn.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við að Fagradalsveita selji Hótel Laxá ehf heitt vatn þar sem ekki er fyrir séð að hægt sé að tengja hótél í landi Arnarvatns við veitukerfi sveitarfélagsins.

7. Fundargerð Skipulags- og umhverfisnefndar dags. 27. maí.

Í fyrsta lið fundargerðarinnar er tekin fyrir að nýju skipulagslýsing dags. 1. febrúar 2013 frá Teiknistofu arkitekta Gylfa Guðjónssyni og félögum vegna deiliskipulags þéttbýlis Reykjahlíðar. Skipulagslýsingin var kynnt skv. 40. gr. laga nr. 123/2010, frá og með 11. apríl til og með 2. maí 2013.

Athugasemd barst frá Sigurði Jónasi Þorbergssyni fyrir hans hönd og dánarbús Þuríðar Sigurðardóttur þess efnis að fyrirætlanir um að byggt verði norðan Hlíðavegar séu andstæðar samningi á milli landeigenda Reykjahlíðar og Skútustaðahrepps um byggingarlóðir dags. 20. febrúar 1969.

Í nýsamþykktu Aðalskipulagi Skútustaðahrepps 2011-2023 er gert ráð fyrir verslunar- og þjónustusvæði norðan Hlíðavegar. Svæðið sunnan vegar í framhaldi af núverandi íbúðabyggð og til austurs að Múlavegi er skilgreint sem íbúðabyggð og ekki gert ráð fyrir blandaðri landnotkun á því svæði. Skipulags- og umhverfisnefnd telur að samningurinn frá 20. febrúar 1969 komi ekki í veg fyrir að gert sé deiliskipulag af leigulandi hreppsins. Telji landeigendur hins vegar að ekki sé heimilt samkvæmt leigusamningnum að fara í framkvæmdir á svæðinu norðan Hlíðavegar fyrr en íbúðarsvæði sé fullbyggt leggur nefndin til við sveitarstjórn að leigusamningurinn verði endurskoðaður í ljósi breyttra aðstæðna.

Í öðrum lið er tekið fyrir að nýju erindi frá Landsvirkjun þar sem óskað er eftir heimild sveitarstjórnar til að láta vinna deiliskipulagslýsingu af vinnubúðum Landsvirkjunar vegna Bjarnarflagsvirkjunar. Um málsmeðferð fari skv. 2. mgr. 40. gr. laga nr. 123/2010. Skipulagslýsingin var kynnt skv. 40. gr. laga nr. 123/2010 frá og með 11. apríl til og með 2. maí 2013.

Athugasemdir bárust frá Ólafi H. Jónssyni f.h. Landeigenda Reykjahlíðar þar sem gerðar eru athugasemdir við fyrirhugaða vegtengingu vinnubúðasvæðisins við þjóðveg nr. 1. Þá eru líka gerðar athugasemdir við að leyfðar verði vinnubúðir á tveimur hæðum.

Skipulags- og umhverfisnefnd tekur undir athugasemdir LR. Hvað varðar gatnatengingu vinnubúðasvæðis við þjóðveg nr. 1, að öðru leyti er athugasemdunum vísað til Landsvirkjunar til úrvinnslu.

Í lið þrjú er tekið fyrir til kynningar tillaga að deiliskipulagi Reykjahlíðar unnin af AVH Önnu Margréti Hauksdóttur. Skipulagslýsing vegna deiliskipulagsins er í kynningarferli.

Skipulags- og umhverfisnefnd gerir ekki athugasemdir við deiliskipulagstillöguna á þessu stigi en mun taka hana til formlegrar afgreiðslu þegar niðurstöður úr kynningarferli deiliskipulagslýsingarinnar liggja fyrri

Í fjórða lið er tekið fyrir að nýju erindi frá Stefáni Erni Stefánssyni f.h. Vatnajökulsþjóðgarðs þar sem sótt er um heimild til að reisa nýtt landvarðahús í Drekgili. M.f. eru teikningar, tillöguuppráttur og greinargerð. Tillagan var grenndarkynnt sem óveruleg breyting á deiliskipulagi skv. 44. gr. laga nr. 123/2010, frá og með 11. apríl til og með 3. maí 2013. Engar athugasemdir bárust.

Í fimmta lið er tekin fyrir að nýju tillaga að breytingu á deiliskipulagi frístundabyggðar í Birkilandi. Tillagan var auglýst skv. 1. mgr. 41. gr. laga nr. 123/2010, frá og með 26. okt. til og með 7. des. 2012. Engar athugasemdir bárust innan tilskilins tímafrest en athugasemd barst frá Umhverfisstofnun 27 dögum eftir að umsagnarfrestur var liðinn.

Skipulags- og umhverfisnefnd telur að athugasemdir Umhverfisstofnunar eigi ekki við um þær breytingar á deiliskipulaginu sem auglýstar voru. Ekki er um stækkun svæðisins að ræða heldur er verið að heimila aukið byggingamagn á hverri lóð. Þar sem engar efnislegar athugasemdir bárust við tillöguna er ekki nauðsynlegt að taka hana aftur til umræðu í sveitarstjórn og leggur nefndin til að skipulags- og byggingafulltrúa verði falin málsmeðferð skv. 3. mgr. 41. gr. laga nr. 123/2010.

Í sjötta lið er tekin fyrir að nýju deiliskipulagstillaga vegna stækkunar Kröfluvirkjunar unnin af Finni Kristjánssyni, Landslagi ehf. Tillagan var auglýst skv. 1. mgr. 41. gr. laga nr. 123/2010, frá og með 2. apríl til og með 14. maí 2013. Athugasemdir bárust frá Ólafi H. Jónssyni f.h. LR ehf., Ómari Þ. Ragnarssyni f.h. Framtíðarlandsins og Guðmundi Inga Guðbrandssyni f.h. Landverndar. Athugasemdirnar lagðar fram og ræddar, skipulags- og byggingafulltrúa falið að vísa þeim til skipulagsráðgjafa Landsvirkjunar með ósk um svör við þeim atriðum sem heyra undir Landsvirkjun og þau síðan lögð fyrir nefndina til afgreiðslu.

Í sjöunda lið er tekið fyrir erindi frá Brynjólfi Steingrímssynir þar sem hann óskar eftir að stofnuð verði lóð undir frístundahús í landi Grímsstaða 4. Nefndin felur skipulags- og byggingafulltrúa að óska umsagnar Umhverfisstofnunar þar sem umrædd lóð er innan verndarsvæðis Mývatns og Laxár.

Í áttunda lið er tekið fyrir erindi frá Guðmundi H. Gunnarssyni f.h. Ásmundar Kristjánssonar, Stöng þar sem óskað er eftir samþykki á skipulagslýsingu vegna vinnu við deiliskipulag fyrir gistihús á reit 359-V á Aðalskipulagi Skútustaðahrepps 2011-2023. Skipulags- og umhverfisnefnd óskar eftir að gert verði heildarskipulag sem nær til allra mannvirkja á jörðinni.

Í níunda lið er lögð fram skipulagslýsing vegna fyrirhugaðrar vinnu við deiliskipulag við Hveri, frá Ómari Ívarssyni, Landslagi ehf. f.h. Landeigenda Reykjahlíðar ehf. Skipulags- og umhverfisnefnd leggur til við sveitarstjórn að umsækjanda verði heimilað að láta vinna deiliskipulag af umræddu svæði. Þá bendir nefndin á að breyta þarf samhliða núgildandi aðalskipulagi þar sem ekki er gert ráð fyrir verslunar- og þjónustusvæði við Hveri.

Í tíunda lið er lögð fram skipulagslýsing vegna fyrirhugaðrar vinnu við deiliskipulag við Skútustaðagíga, frá Ómari Ívarssyni, Landslagi ehf. f.h. Umhverfisstofnunar. Skipulags- og umhverfisnefnd leggur til við sveitarstjórn að skipulagslýsingin verði samþykkt og skipulags- og byggingafulltrúa falin málsmeðferð skv. 3. mgr. 40. gr. laga nr. 123/2010.

Í ellefta lið er lög fram skipulagslýsing vegna fyrirhugaðrar vinnu við deiliskipulag við Hverfjall, frá Ómari Ívarssyni, Landslagi ehf. f.h. Umhverfisstofnunar. Skipulags- og umhverfisnefnd leggur til við sveitarstjórn að skipulagslýsingin verði samþykkt og að skipulags- og byggingafulltrúa verði falin málsmeðferð skv. 3. mgr. 41. gr. laga nr. 123/2010.

Sveitarstjórn samþykkir afgreiðslu Skipulags- og umhverfisnefndar á liðum 1, 2, 4, 5, 6, 7, 8, 9, 10 og 11. Liður 3 þarfnast ekki ályktunar við.
Sveitarstjóri vék af fundi undir liðum 2, 6, 9.

8. Fyrirspurn frá Landsneti vegna hugmyndar um breytingu á Kröflulínu.

Óformleg fyrirspurn barst frá Landsneti um breytingu á Kröflulínu 2. Tilefnið er athugasemd sem barst við fyrirhugað línustæði.

Sveitarstjórn leggst alfarið gegn hugmynd um breytingu á legu Kröflulínu 2 frá því sem nú er í gildandi Aðalskipulagi Skútustaðahrepps 2011-2023

9. Erindi frá sýslumanni, ósk um umsögn um endurnýjun og breytingu á forsvarsmanni rekstrarleyfis Voga-ferðapjónustu ehf.

Með bréfi dags. 16. maí óskar sýslumaður eftir umsögn sveitarstjórnar um endurnýjun á rekstrarleyfi Voga-ferðapjónustu ehf til sölu gistingar og veitingu veitinga.

Jafnframt er óskað umsagnar um breytingu á forsvarsmanni fyrirtækisins. Núverandi forsvarsmáður er Halldór Karlsson en nýr verði Þuríður Helgadóttir.

Rekstrarleyfi er gististaður IV, Vogar-ferðapjónusta ehf. – Daddi's pizza.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við að umbeðið leyfi verði veitt og að breyting verði gerð á forsvarsmanni rekstrarleyfis fyrirtækisins.

10. Samningur við Mývetning.

Fyrir fundinum liggur samningur Skútustaðahrepps við Mývetning íþrótt- og ungmennafélag.

Sveitarstjórn samþykkir fyrirbyggjandi samning.

11. Umgengni um heimalandagirðingar.

Þann 13. júní s.l. barst ábending um að hlið hafi verið opin á heimalandagirðingu í hreppnum, þrátt fyrir samþykkt sveitarstjórnar að ekki skyldi sleppt úr heimalandagirðingum fyrir 20. júní. Sveitarstjórn áréttar mikilvægi þess að

fjáreigendur fari eftir samþykktum um fjársleppingar frá 7. júní s.l. Brot sem þessi geta leitt af sér sviptingu gæðastýringagreiðslna þess sem af sér brýtur.

Minnt er á ábyrgð landeigenda á að hliðin sé lokað fram til 20. júní.

Fleira ekki gert.

Fundi slitið.

Dagbjört Bjarnadóttir,

Böðvar Pétursson,

Karl Emil Sveinsson,

Pétur Snæbjörnsson,

Friðrik K. Jakobsson.